


Nr.: STS-022	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 15.02.2018		
Höf: Guðlaug Kjartansdóttir	Forvarnarstefna	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

1 Forvarnarstefna

Stefna Tækniskólans er að styðja nemendur í að setja sér skýr markmið í lífinu og vinna markvisst að því að ná þeim. Við leggjum áherslu á lífshætti sem leiða til sjálfsvirðingar, sjálfstjórnar og árangurs. Við leggjum einnig áherslu á virðingu fyrir einstaklingunum og sérstöðu þeirra, öflugt félagslíf, gott mótuneyti og margvíslega nemendabjónustu.

Skólinn vill stuðla að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna og vinna gegn hverskyns sjáfseyðandi hegðun, auk þess að aðstoða þá sem hafa ánetjast vímuefnum. Í skólanum gilda skýrar reglur um notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Starf forvarnarfulltrúa er hluti af framkvæmd þessarar stefnu.

2 Forvarnarfulltrúi

- Vinnur með nemendum og félagsmálafulltrúa að skipulagi félagslífs án vímuefna.
- Kynnir sig og starf sitt í öllum lífsleiknihópum í upphafi hverrar annar.
- Er til viðræðu við nemendur sem hafa áhyggjur af eigin vímuefnaneyslu eða neyslu vina sinna og vandamanna.
- Stendur fyrir fræðsluerindum og námskeiðum fyrir starfsmenn og nemendur.
- Er foreldrum, kennurum, námsráðgjöfum og öðru starfsfólki skólans til ráðgjafar hafi þeir grun um vímuefnaneyslu nemenda.
- Aðstoðar þá sem eiga í vandræðum vegna áfengis eða annarra vímuefna.
- Sendir póst til foreldra/forráðamanna í tegslum við skemmtanir og aðra viðburði ætlaða nemendum.
- Skipuleggur AA-fundi fyrir nemendur.
- Heldur reykleysinámskeið fyrir nemendur á hverri önn.
- Upplýsir foreldra nemenda undir 18 ára um meinta vímuefnaneyslu þeirra.

3 Þær einföldu reglur gilda í Tækniskólanum að:

- Neysla áfengis og annarra vímuefna í skólanum og á skemmtunum á vegum hans er ekki leyfð.
- Reykingar og önnur notkun tóbaks er ekki leyfð í byggingum skólans né heldur á skólalóðum. Sama gildir um svonefndar rafrettur og notkun þeirra.
- Auglýsingar frá vínveitingahúsum eru bannaðar innan skólans, sem og annar áróður er hvetur til neyslu vímuefna.
- Verði nemandi, 18 ára og eldri, uppvis að neyslu áfengis eða annarra vímuefna á samkomum á vegum skólans verður honum vísað frá samkomunni. Ef nemandi er yngri en 18 ára er haft samband við forráðamenn og þeim gert að sækja hann. Nemanda er í kjölfarið gert að mæta í viðtal hjá forvarnarfulltrúa.
- Öllum alvarlegri málum, svo sem sölu eða milligöngu um sölu áfengis, sölu eða dreifingu ólöglegra fíkniefna, er umsvifalaust vísað til lögreglu.
- Brot á þessum reglum geta leitt til brottvísunar úr skólanum.